

Ídag-íkvöld

Örn Ingi sýnir að Kjarvalsstöðum

— beinar upplifanir úr daglega lífinu

Örn Ingi, myndlistarmaður frá Akureyri, opnaði fyrir skemmstu myndlistarsýningu að Kjarvalsstöðum í Reykjavík. Það er ekki of oft sem myndlistarmenn utan Reykjavíkur eiga færi á að fremja eða sýna list sína hér á höfuðborgarsvæðinu, en slíku ber að fagna þá það gerist, og því þótti fengur að því að fá Örn Inga í stutt spjall um sýninguna og myndverk hans.

„Þessi sýning er flikklakk að því leytnu til, að hún sýnir hjá mér stefnubreytingu. Ég var áður í málverkinu en nú er ég farinn að vinna með blandaðri tækni“, sagði Örn Ingi fyrst og hann var beðinn um nánari útskýringu á þessari staðhæfingu.

„Þetta eru beinar upplifanir úr daglega lífinu“, sagði hann og yfði skeggið. „Ég nota alla mögulega hluti til myndgerðarinnar: ljósmyndin er ríkur þáttur, en sem dæmi um aðra hluti má nefna gullfiska...“

— ???
„Já, já, ég er með lifandi gullfiska. Þeir taka sig mjög vel út og þeir gera nákvæmlega það sem ég vil að þeir geri“.

— Ertu nýlistamaður? spyr blaðamaður og horfir fordómafullur framán í Örn Inga.


„Ég er bara maður“, svarar Örn Ingi. Lætur ekkert koma sér úr jafnvægi. Nefnir sallarólegur við blaðamann að þarna fái fjölmöblarnir svo sem ágæta útreið, á sýningunni er nefnilega bæði útvarp og sjónvarp og fjölmöblafull-egg.

„Ég er samt mjög hlynntur fjölmöblum“, segir Örn Ingi, „en

þeir verða að gæta sín á þeim áhrifum, sem þeir hafa“, bætir hann við alvarlegri í bragði.

Við höldum áfram, þar sem frá var horfið.

„Ég nota spegla líka, peninga og ýmislegt annað smálegt, ýmiss konar tákni, sem auðvelt er að skilja. En þótt ég sé að leika mér með tákni í flestum verkanna, þá er ekki þar með sagt, að ég sé að henda frá mér myndrænni hugsun. Hún er til staðar og ég leik mér með dýptartilfinninguna ljós, skugga og allt hitt sem gerir mynd að mynd. Ef svo væri ekki myndist mér hugmyndirnar verða fyrir því ömurlega hlutskipti að verða munarlausar. Það gæfi áhorfandanum tilefni til að efast um einlægni höfundar myndanna“. Og þá skiptir svo sem engu hver á i hlut eg eða einhver annar“, sagði Örn Ingi að



Örn Ingi sést hér við eitt verka sinna. Mörg verkanna munu vera þess eðlis að nær væri að kalla sýninguna revíu, fremur en myndlistarsýningu í þess orðs fyllstu merkingu — a.m.k. mun það hafa verið álit nokkurra þeirra sýningargesta, sem þegar hafa litið inn á Kjarvalsstaði.

lokum, og var rokim út norðan- maður á ferðibænum, með erindi

til samborgaranna. Og væntan- lega mikilvægt erindi sem flest-

um er varla annað en hollt að hlýða á. —jsj

Afmælishljómplata Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands

Nýkomin er á markaðinn hljómplata, sem Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands lét gera í tilefni 40 ára afmælis síns.

A plötunni eru tvö lög, Afmælisöngur U.I.A. og Baráttusöngur U.I.A. Löggin, sem eru löngu þjóðkunn, eru eftir Inga T. Lárusson. (Ég lífa vil um lönd og geim og Íslands Hrafnistumenn). Textana gerði Sigurður Ó.

Pálsson á Eibum.

Það er hljómsveitin Slagbrandur, sem leikur, en þar er fremstur í flokki hinn landskunn hljómlistarmaður Arni Isleifsson. Upptakan var gerð í Studio Stemma undir stjórn og leiðsögn Sigurðar Rúnars Jónssonar.

Hér hafa því a.m.k. fjórir þekktir snillingar lagt hönd að verki, Ingi T. Lárusson, Sigurður

Ó. Pálsson, Arni Isleifsson og Sigurður Rúnar Jónsson, og óhætt að segja að útkoman sé þeim öllum til sóma, eins og segir í fréttatilkynningu frá Ungmenna- og íþróttasambandi Austurlands í tilefni af útgáfu hljómplötunnar.

Umsjónarmaður með útgáfunni af hálfu U.I.A. var Gunnar Baldvinsson.


—j.s.j. Ingi T. Lárusson



Sjónvarp kl. 20.35:

Íslensk kvikmyndagerð

Í Vöku í kvöld verður fjallað um kvikmyndir og fylgst með ým sum þáttum kvikmyndagerðar. Fylgst verður með töku á kvikmynd um rokkónlist sem Friðrik Þór Friðriksson hefur unnið, sýnt verður brot úr mynd, sem Hrafn Gunnlaugsson er að vinna að og nefnist „Okkar á milli sagt í hita og þunga dagsins“, og Hrafn ræðir um vandamál við sviðsetningu. Þá verður rætt við Þráin Bertelsson um mynd hans Jón Odd og Jón Bjarna en Þráin er að vinna að klippingu á þeirri mynd um þessar mundir. Í lokin verður fjallað um kvikmyndina „Útlaginn“ og rætt við þrjú aðila sem að henni stóðu, Sigurð Sverri Pálsson kvikmyndaðokumann, Jón Hermannsson framleiðanda og Ágúst Guðmundsson leikstjóra. Auk þess verður sýnt atriði úr myndinni.



Kvikmyndin Útlaginn hefur hlotið góða dóma og hér sjáum við atriði úr myndinni.


Útvarp kl. 20.40:

Léttblandað efni fyrir ungt fólk

Bolla-bolla nefnist nýr þáttur, sem hefur göngu sína í útvarpinu í kvöld en þessi þáttur mun verða á dagskrá á mívíkudagskvöldum í vetur. Umsjónarmenn þáttarins eru Sólveig Halldórsdóttir og Eðvard Ingólfsson, og er þetta í fyrsta skipti sem þau vinna saman að þætti. Þau eru þó ekki óvön starfinu, því bæði hafa þau unnið fyrir útvarpið áður: Eðvard hefur lesið sögur og Sólveig séð um þjóðsagnaþætti.

Í þættinum í kvöld verður tónlistarkafli, sem nefnist „Þrjú á toppnum“, en það eru þau þrjú lög sem eru í mestu uppáhaldi hjá

unglingum. Þau Sólveig og Eðvard munu biðja hlustendur að senda inn tillögur um vinsælustu löggin og síðan verða þau þrjú sem flest atkvæði fá leikin í hverjum þætti. Í þáttunum í vetur verða fastir liðir, sem heita ýmist „Atvik vikunnar“, „Vandamál vikunnar“ eða „Persóna vikunnar“ og í þættinum í kvöld verður rætt við Þorgeir Astvaldsson. Þá verður byrjað á lestri framhalds sögu sem hlustendur eiga síðan að bæta við sjálfir. Átlunin er að þátturinn byggist fyrst og fremst á hugmyndum frá hlustendum, og þau Sólveig og Eðvard ætla sér að



Sólveig Halldórsdóttir, annar umsjónarmaður þáttarins Bolla-bolla, sem hefur göngu sína í kvöld.

vera stjórnendur, en leyfa hlustendum sínum að koma sínum hugmyndum og áhugamálum á framfæri í þáttunum.

Útvarp

Míðvikudagur
4. nóvember

- 12.00 Dagskrá. Tónleikar. Tilkynningar.
- 12.20 Fréttir. 12.45 Veðurfregni. Tilkynningar. Míðvikudagssýrpa — Asta Ragnheiður Jóhannesdóttir.
- 15.10 „Örninn er sestur“ eftir Jack Higgings Ólafur Ólafsson þyddi. Jónína H. Jónsdóttir les (18).
- 15.40 Tilkynningar. Tónleikar.
- 16.00 Fréttir. Dagskrá. 16.15 Veðurfregni.
- 16.20 Útvarpssaga barnanna: „Niður um strompinn“ eftir Arnmann Kr. Einarsson Höfundur les (6).
- 16.40 Litli barnatíminn Dómhildur Sigurðardóttir stjórnar barnatíma frá Akureyri.
- 17.00 Fjögur sönglög eftir Atla Heimi Sveinsson
- 17.15 Djassþátturiumsja Jóns Múla Arnasonar.
- 18.00 Tónleikar. Tilkynningar.
- 18.45 Veðurfregni. Dagskrá vkóldsins.
- 19.00 Fréttir. Tilkynningar.
- 19.35 A vettvangi
- 20.00 Gömul tónlist Ríkharður Örn Pálsson velur og kynnir tónlist frá fyrri öldum.
- 20.40 Bolla-bolla Sólveig Halldórsdóttir og Eðvard Ingólfsson stjórna þætti með léttblönduðu efni fyrir ungt fólk.
- 21.15 Sönglög eftir Grieg Ellen Westberg-Andersen syngur lög við ljóð eftir Wilhelm Krag, op. 60, Jorunn Marie Brattlie leikur á piano. (Hljóðritun frá tónlistarháttíðinni í Björgvin í vor).
- 21.30 Útvarpssagan: „Marína“ eftir séra Jón Thorarensen Hjörtur Pálsson les (8).
- 22.00 Lummurnar syngja nokkur lög
- 22.15 Veðurfregni. Fréttir. Dagskrá mogundagsins. Orð kvóldsins.

22.35 Íþróttapáttur Hermanns Gunnarssonar.

- 22.55 Kvöldtónleikar a. Konsert fyrir selló og hljómsveit op. 36 eftir Alberto Ginastera. Aurora Natola-Ginastera leikur með Sinfóníuhljómsveit útvarpsins í Frankfurt, Eliahu Einbla stj. b. „Mandarininn makalausi“ — ballettónlist op. 19 eftir Béla Bartók, Filharmóníuhljómsveitin í Vínarborg leikur, Claudio Abbado stj. (Hljóðritun frá útvarpsstöðvunum í Frankfurt og Vínarborg).
- 23.45 Fréttir. Dagskrárlök.

Sjónvarp

Míðvikudagur
4. nóvember 1981

- 18.00 Barbapabbi. Endursýndur þáttur. Þýðandi: Ragna Ragnars. Sögu- maður: Guðni Kolbeinsson
- 18.05 Andrés. Sænskur myndaflokkur fyrir börn. Þrjú og síðasti þáttur.
- 18.45 Fólk að leik. Síðari þátturinn um Tæland. Þýðandi: Ólof Pétursdóttir Pulur: Guðni Kolbeinsson.
- 19.10 Hlé
- 19.45 Fréttagrip á tákmalí
- 20.00 Fréttir og veður
- 20.25 Auglýsingar og dagskrá
- 20.35 Vaka í þættinum verður m.a. fjallað um kvikmyndina Útlaginn, sem var nýlega frumsýnd. Einnig verður rætt við Þráin Bertelsson, Hrafn Gunnlaugsson, Friðrik Þór Friðriksson o.fl. um kvikmyndir, sem nú er unnið að. Umsjón og stjórn upptöku: Víðar Víkingsson.
- 21.15 Dallas. Tutugasti þáttur. Þýðandi: Kristmann Eðsson.
- 22.05 Hver er réttur þinn? Annar þáttur af fimm, sem Sjónvarpið hefur látið gera um tryggingamál. Umsjón: Karl Jeppesen.
- 22.15 Dagskrárlök